

| |
|--|
| Umhverfisstofnun Ab. <u>ABB</u> <u>51</u> |
| <u>27. feb. 2018</u> <u>08.14.00</u> |
| Tilv. <u>AST201712-133</u> |



Carbon Recycling International ehf
Borgartúni 27
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 23. febrúar 2018
Tilv.: UMH17120010/20-1

Ráðuneytið vísar til beiðni Carbon Recycling International (CRI ehf.) frá 1. desember 2017 um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna metanólverksmiðju félagsins að Svartsengi, þar til nýtt starfsleyfi hafi verið gefið út, en starfsleyfið renni út 1. febrúar 2018. Í erindinu kemur fram að í grein 2.8 í starfsleyfinu, sem fjalli um meðhöndlun metanóls í affallsvatni framleiðslunnar, sé að finna kröfu um að settur verði upp búnaður til hreinsunar þess. Í starfsleyfinu séu ekki tiltekin mörk um leyfða losun að hreinsun lokinni og slík mörk séu heldur ekki til staðar í reglugerðum. Af þessari ástæðu og vegna ýmissa tæknilegra óvissupátta hafi ekki verið unnt að uppfylla að fullu grein 2.8 þó að gripið hafi verið til ýmissa tæknilegra ráðstafana til þess að lágmarka umrædda losun. Varðandi umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, dags. 25. febrúar 2016, þá hafi hún verið í bið sökum þess að álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum hafi verið hluti af þeim gögnum sem hafi þurft til við afgreiðslu málsins og hafi álitid ekki legið fyrir fyrr en 19. maí 2017. Frá því að álit Skipulagsstofnunar hafi verið gefið út hafi CRI ehf. þrýst á Umhverfisstofnun að hefja vinnu við að afgreiða nýtt starfsleyfi. Í nóvember sl. hafi Umhverfisstofnun tilkynnt CRI ehf. að útgáfa starfsleyfis fari fram yfir 1. febrúar 2018 enda séu viss lagaleg úrlausnarefni á sviði vatnamála sem þurfi að skoða vandlega.

Samkvæmt 3. mli. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurnesja 12. desember 2017.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 15. janúar 2018 kemur fram að stofnunin hafi til meðferðar umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir rekstraraðila. Verði tillaga þess efnis auglýst á næstu vikum. Stofnunin geri ekki athugasemdir við að rekstraraðila verði veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi á meðan unnið sé að nýju starfsleyfi, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Engin frávík hafi verið skráð í síðasta eftirliti með starfsemi. Stofnunin árétti að um sé að ræða tímabundna undanþágu frá tímamörkum gildandi starfsleyfis. Ekki sé tekin afstaða í þessu máli til meðhöndlunar metanóls í affallsvatni. Unnið sé að lausnum um það atriði í starfsleyfisvinnslunni.


Umsókn CRI ehf. um nýtt starfsleyfi vegna fyrirhugaðrar stækkunar umræddrar verksmiðju kom fram 25. febrúar 2016 og hefur það tafið afgreiðslu hennar hjá Umhverfisstofnun að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar var ekki gefin út fyrr en 19. maí 2017. Í niðurstöðum álitsins kemur fram að Skipulagsstofnun telji að rekstur metanólverksmiðju CRI ehf. muni hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Mestu skipti að þannig hafi verið gengið frá niðurdælingu frárennslis frá starfsemi að ekki sé líklegt að hún spilli ferskvatni. Í ljósi framangreinds og þess að

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að rekstraraðili fái umrædda undanþágu fellst ráðuneytið á að veita Carbon Recycling International (CRI ehf.) tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna metanólverksmiðju félagsins í Svartsengi, sbr. ákvæði 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á meðan unnið er að lausnum varðandi meðhöndlun metanóls í affallsvatni og unnið að nýju starfsleyfi. Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgi ákvæðum fyrra starfsleyfis fyrir Carbon Recycling International ehf. í Svartsengi, Grindavíkurbæ sem gefið var út af Umhverfisstofnun 29. janúar 2010, að undanskildu ákvæði 2. ml. greinar 2.8 um að rekstraraðili skuli leggja fram tillögu að hreinsibúnaði og koma upp búnaði eigi síðar en ári eftir að framleiðsla hefst í stöðinni.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. september 2018.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja